

M-54/2009 Álit 2. september 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-54/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings Y fyrir garðvinnu að fjárhæð kr. 93.985. Krafa álitsbeiðanda er sú að hún þurfi ekki að greiða meira en kr. 34.193 fyrir vinnuna, þ.e. að hluti reikningsins, kr. 59.792, verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 28. júlí sl. og frest til að skila þeim til 10. ágúst. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 21. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að hún hafi fengið leyfi húsfélagsins í fjölbýlishúsinu þar sem hún býr til þess að smíða pall gegn loforði um að gengið yrði frá skemmdum á lóð ef einhverjar yrðu. Hún hafi haft samband um miðjan maí við fyrirtækið Y um frágang sem hafi verið sá að hreinsa burt smávegis af grjóti, mold svo og örfáar þökur og leggja nýjar þökur þar sem skemmdir hefðu orðið. Álitsbeiðandi lýsir umræðum aðila um það hvernig ætti að vinna verkið sem ekki er ástæða til að rekja, nema að garðyrkjumaðurinn vildi setja masonitplötu framan á pall við húsið. Álitsbeiðandi segir síðan í álitsbeiðninni:

„Jæja þeir komu loksins hér 9. júní, Z sem er lærður garðyrkjumaður og stráklíngur með honum sem kunní lítið. Hann sat og reytti eitthvað af grasi úr einu beði, síðan tóku þeir það mesta af mölinni og rökuðu hinu svo á skemmda blettinn og mokuðu upp í grjóthleðslur og vildu færa 2 tré þangað. Hann var kominn hingað með þessa masonitplötu. Eftir að hafa unnið hér frá kl. 10.30-12.00 og svo aftur frá tæplega 14.00-15.00 fóru þeir og sögðust ætla að ná í efni og að þeir myndu klára þetta þann dag. En þeir komu ekki og um hádegi næsta dag hafði ekkert heyrst frá þeim. Þá var mannum mínun nóg boðið og hringdi og talaði við Z og það endaði með því að hann sagði að þeir þyrftu ekki að koma meira. Okkur litist ekkert á vinnubrögðin né þessi stöðugu svik og það var líka mikil pressa á okkur að koma þessu í lag sem fyrst. Þá sagði Z að bíllinn hefði bilað og væri enn bilaður svo hann vissi ekki hvenær þeir kæmust til okkar aftur (áður en maðurinn minn rak hann). Hann sagði honum að koma og taka masonitplötuna og við ítrefkuðum það í nokkra daga og alltaf var svarið það að bíllinn væri bilaður. [...] Þeir hafa svo komið ca viku seinna og tekið plötuna þegar við vorum ekki heima og sendi ég honum póst og þakkaði fyrir það. Því hann var hættur að svara í síma.

Álitsbeiðandi gerir síðan nokkrar athugasemdir við reikning gagnaðila og segir hann innheimta fyrir verkið eins og það hafi verið unnið að fullu.

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi hafi kvartað við gagnaðila eftir að reikningur frá honum barst 29. júní sl.

IV Reikningur Y

Umræddur reikningur er sundurliðaður með eftirfarandi hætti en tölulíðum 1-7 hefur kærunefndin bætt við til hægðarauka:

	Lýsing	Magn	Einingaverð	Upphæð
1.	Akstur	4	2.900	11.600
2.	Tímaskráning verkamanna	14	3.250	45.500
3.	Tæki, blástur á grasi	2	1.790	3.580
4.	Viðtal og skoðun	1	6.265	6.265
5.	Ráðgjöf. Útsetning á plöntum og næringargildi í gróðurbeði	1	5.221	5.221
6.	Áburður, sáð í beð og mold undir gras	1	324	324
7.	Förgunargjald Sorpu. Umframefni keyrt á Sorpu og því fargað.	1	3.000	3.000
			Samtals	75.490
			Vsk.	18.495
			Samtals m. vsk.	93.495

Álitsbeiðandi segist telja sig eiga að greiða fyrir vinnu í 5,3 klst. eða kr. 17.875 og liði 4, 6 og 7 á reikningunum sem geri með virðisaukaskatti kr. 34.193.

V Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins gerði álitsbeiðandi ekki sérstakan samning við Y um hvað greiða skyldi fyrir þá vinnu sem hann tók að sér fyrir álitsbeiðanda nema fram kemur í gögnum málsins að um tímavinnu yrði að ræða. Vinnunni lauk gagnaðili ekki þar sem álitsbeiðandi sagði honum upp störfum.

Í 28. gr. laga nr. 42/2000 segir eftirfarandi:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hús er.“

Fyrirtækið Y hafa ekki nýtt sér rétt sinn til andsvara. Slíkt leiðir að sjálfsögð ekki til þess að kærunefndin segi ekki álit sitt á viðskiptum þeim sem ágreiningur er um. Það leiðir hins vegar til þess að við álitsgerðina verður öðru fremur, að því er atvik málsins

varðar, að styðjast við lýsingu ááltsbeiðanda og þau gögn sem lögð hafa verið fram. Ááltsbeiðandi hefur lýst því að hún fallist á að sér beri að greiða þá liði reikningsins sem merktir eru 4, 6 og 7 og er því ástæðulaust fyrir kæruneftndina að fjalla frekar um þá.

Af gögnum málsins verður ráðið að starfsmenn Y hafi komið þrisvar á verkstaðinn, fyrst til ráðgjafar og skoðunar, þá til vinnu og í síðasta skiptið sérstaklega að beiðni ááltsbeiðanda til að ná í efni sem hún vildi losna við, en á þeim tíma hafði fyrirtækinu verið sagt upp störfum. Á reikningnum sýnist hins vegar vera gerð ráð fyrir fjórum ferðum á staðinn og að ááltsbeiðandi greiði kr. 2.900 fyrir hverja komu. Kæruneftndin álitur að ááltsbeiðandi hafi mátt gera sér grein fyrir að því að kostnaður fylgdi akstri á vinnustað, sem er alþekkt í viðskiptum sem þessum, en væri ekki innifalinn í tímakaupi starfsmanna fyrirtækisins, eins og fram kemur í ááltsbeiðni. Hins vegar álitur kæruneftndin að ekki sé í ljós leitt að ferðirnar hafi verið nema þrjár og því eigi ááltsbeiðandi ekki að greiða þennan lið að fullu heldur með kr. 8.700.

Á reikningnum kemur fram að unnið hafi verið í 14 tíma að verkinu en ááltsbeiðandi telur samkvæmt útreikningum sem koma fram í ááltsbeiðninni að aðeins hafi verið um 5,3 tíma að ræða. Þess verður að gæta að starfsmenn Y komu þrisvar á staðinn og einhver tími hefur farið í ferðir og verður að líta til þess að því er tvö síðari skiptin varðar. Hins vegar er ekki ástæða til þess að taka slíkt með í reikninginn að því er kostnaðarliðinn viðtal og skoðun snertir því að ágreiningur aðila nær ekki til hans. Kæruneftndin telur þótt það sé á óvissu mati byggt að gera megi ráð fyrir því með þetta í huga að sanngjarnt sé að ááltsbeiðandi greiði fyrir 10 tíma vinnu eða kr. 32.500 auk virðisaukaskatts.

Ekki er ljóst um hvaða tæki er að ræða þegar á reikningnum segir að sá liður sé fyrir blástur á grasi og sýnist sem svo að miðað sé við að tækið hafi verið notað í 2 klst. sem er heldur ekki ljóst. Kæruneftndin telur fremur ólíklegt að notkunin hafi verið svo mikil að hún réttlæti þennan reikningslið, en Y eigi þó rétt á helmingi þess reikningsliðar eða kr. 1.790.

Þá er einn liður reikningsins fyrir ráðgjöf, þ.e. útsetningu á plöntum og næringargildi í gróðurbeði. Gera verður ráð fyrir að þessi ráðgjöf hafi verið veitt á staðnum á þeim tíma er þeir starfsmenn Y voru á staðnum og reiknuðu sér tímakaup og álitur kæruneftndin að ekki sé sanngjarnt að ááltsbeiðandi greiði sérstaklega fyrir þetta þar sem ekki kemur fram að henni hafi verið gerð sérstök grein fyrir þessum kostnaðarlið.

Niðurstaða kæruneftndarinnar samkvæmt framansögðu er sú að ááltsbeiðanda beri að greiða fyrir eftirtalið:

Akstur kr. 8.700, vinnu kr. 32.500, tæki kr. 1.790, viðtal og skoðun kr. 6.265, áburð kr. 324 og förgun kr. 3.000, eða samtals kr. 52.579 auk virðisaukaskatts, kr. 12.881. Þessi fjárhæð nemur kr. 65.460. Kæruneftndin álitur þannig að ááltsbeiðandi eigi rétt á kr. 28.525 afslætti af reikningi Y.

VI

Ááltsorð

Ááltsbeiðandi á rétt til kr. 28.525 afsláttar af reikningi Y.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir